

Reglur um
tilnefningu
heiðurslistamanns
Kópavogs

Heiðurslistamaður Kópavogs skal valinn eftir tilnefningu frá fulltrúum Lista- og menningarráðs á tveggja til fjögurra ára fresti. Hafa ber í huga að tilnefningin nái til sem flestra listgreina.

Útnefning heiðurslistamanns Kópavogs byggir á ævistarfi og listferli viðkomandi. Með heiðursnafnbótinni vill Kópavogsbær þakka fyrir dýrmætt framlag listamanna til lista- og menningarstarfs í sveitarfélaginu.

Heiðurslistamaður hlýtur áritaðan skjöld (kantalúpu Gerðar Helgadóttur) sem viðurkenningarvott og skal tilnefningin fara fram við hátíðlega athöfn.

Lista- og menningarráð áskilur sér rétt til að biðja heiðurslistamanninn að koma fram við ákveðin tilefni og við opinberar athafnir á vegum bæjarins ef þess er óskað og ástæða þykir til.

Samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 24. apríl 2018